



世丝·分博阿多蒂尔外国语言研究所 · Et center for verdens sprog ·  
Centro Linguistico Internazionale per le lingue språk · ワールド・ランゲ  
Centre mondial pour les langues · Мировой центр языков · World Language

# Ársskýrsla 2010



Stofnun  
VIGDÍSAM FINNBOGADÓTTUR  
í erlendum tungumálum

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stjórn og starfsmenn .....	3
Starfssvið og hlutverk.....	5
Starfsemi stofnunarinnar.....	6
Ráðstefnur .....	7
Málþing .....	8
Fyrirlestrar .....	10
Útgáfa fræðiritar.....	11
Milli mála, ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 2010.....	11
Heimasíða SVF .....	12
Alþjóðleg tungumálamiðstöð.....	12
Aðrir viðburðir .....	13
Kvikmyndasýningar.....	15
Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	15
Styrktarsjóður SVF.....	16
Vinir Vigdísarstofnunar.....	16
Starfsfólk .....	17
Miðlun rannsókna á árinu 2010 .....	25

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur færir eftirtöldum aðilum þakkir fyrir stuðning við gerð þessarar skýrslu:

Mynd á forsiðu: Arngunnur Ýr Gylfadóttir

Hönnun og uppsetning: H2 hönnun ehf.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

## Inngangur

Í ársskýrslu þessari er stiklað á stóru í starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum á árinu 2010. Frá því að stofnunin var sett á laggirnar í október 2001 hefur allt kapp verið lagt á að efla hana sem þróttmikla rannsóknastofnun, en fræðasvið hennar eru erlend tungumál og menning, þýðingar, samskipti á erlendum tungum og tungumálakennsla. Við stofnunina starfa að jafnaði 35 fræðimenn sem stunda rannsóknir á framangreindum fræðasviðum og sinna kennslu í erlendum tungumálum. Stofnunin og starfsmenn hennar hafa fengið umtalsverða styrki til rannsókna frá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, auk þess sem hún hefur notið styrkja frá fyrirtækjum og einstaklingum. Þá hefur Vigdís Finnbogadóttir sjálf lagt starfseminni ómetanlegt lið með störfum sínum.

Unnið er nú ötullega að því að auka veg stofnunarinnar enn frekar með því að setja á fót alþjóðlega tungumálamiðstöð innan vébanda hennar, þar sem leikir og lærðir geta fræðst á lifandi og skapandi hátt um ólík tungumál og menningarheima. Jafnframt er markmiðið að lyfta grettistaki í tungumála- og menningarrannsóknum og heiðra þannig mikilvægt framlag Vigdísar til þessa málaflokks og halda áfram því brautryðjendastarfi sem hún hefur unnið á alþjóðavettvangi sem fyrsti og til þessa eini velgjörðarsendiherra tungumála hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur farið þess á leit við Menningarmálastofnunina að hún votti alþjóðlegu tungumálamiðstöðina skv. viðmiðum sínum. Verkefnið hefur kynnt víða erlendis á undanförunum árum og hvarvetna hlotið fádæma góðar undirtektir. Til að skapa þessu verkefni viðeigandi ramma er nú stefnt að því að reisa byggingu fyrir stofnunina, sem hýsa mun alla starfsemi hennar. Í tilefni af stórafmæli Vigdísar hinn 15. apríl og þeim merku tímamótum, að á árinu 2010 voru 30 ár liðin frá sögulegu forsetakjöri hennar, var hrundið af stað sérstöku átaki til að afla fjár til tungumálahússins og tókst það með fádæmum vel.

## Stjórn og starfsmenn



Hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum starfa 35 fræðimenn. Á árinu gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns stofnunarinnar og varaforstöðumaður var Oddný G. Sverrisdóttir. Á ársfundi vorið 2010 var kosið nýtt fagråd til tveggja ára. Í því eiga sæti, auk forstöðumanns og varaforstöðumanns, þau Birna Arnbjörnsdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir. Úr fagráði gengu Lars-Göran Johanson, Júlían M. D'Arcy og Hólmfríður Garðarsdóttir. Laufey Erla Jónsdóttir lét af starfi verkefnastjóra á vordögum. Svanhvít Aðalsteinsdóttir var tímabundið ráðin verkefnastjóri í byrjun árs 2010 til að annast skipulagningu hátíðardagskrár, sem haldin var í tilefni af stórafmæli Vigdísar. Þegar Laufey lét af störfum tók Svanhvít við starfi verkefnastjóra og sinnti því uns Hrefna Ingólfssdóttir var ráðin til stofnunarinnar í október.

Á árinu 2010 hlutu þær Ásdís R. Magnúsdóttir, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir framgang í stöðu prófessors.

Þýska



Andrea Milde  
sendikennari, lektor

Enska



Anna Jeeves  
aðjunkt

Þýska



Annika Große  
sendikennari, lektor

Danska



Auður Hauksdóttir  
dósent

Franska



Ásdís R. Magnúsdóttir  
dósent

Franska



Ásta Ingibjartsdóttir  
aðjunkt

Enska



Birna Arnbjörnsdóttir  
prófessor

Spænska



Erla Erlendsdóttir  
dósent

Tungumálamiðstöð



Eyjólfur Már  
Sigurðsson

Franska



François Heenen  
aðjunkt

Þýðingafræði



Gauti Kristmannsson  
dósent

Kínverska



Geir Sigurðsson  
dósent

Enska



Guðrún Björk  
Guðsteinsdóttir  
prófessor

Spænska



Hólmfríður  
Garðarsdóttir  
prófessor

Verkefnastjóri



Hrefna Ingólfssdóttir  
Verkefnastjóri

Danska



Ida Busk Pedersen  
lektor

Enska



Ingibjörg Ágústsdóttir  
lektor

Franska



Irma Erlingsdóttir  
lektor

Kínverska



Jón Egill Eyþórsson  
aðjunkt

Enska



Júlían Meldon D'Arcy  
prófessor

Japanska



Kaoru Umezawa  
lektor

Spænska



Kristín Guðrún Jónsdóttir  
aðjunkt

Sænska



Lars-Göran  
Johansson

Enska



Magnús Fjalldal  
prófessor

Þýska



Magnús Sigurðsson  
aðjunkt

Enska



Martin Regal  
dósent

Þýska



Oddný G. Sverrisdóttir  
prófessor

Enska



Pétur Knútsson  
dósent

Kínverska



Qingqiang He  
sendikennari

Danska



Randi Benedikte  
Brodersen  
lektor

Rússneska



Rebekka Þráinsdóttir  
aðjunkt

Gríska / Latína



Sigurður Pétursson  
lektor

Ítalska



Stefano Rosatti  
aðjunkt

Danska



Susanne Antoinette  
Elgum  
aðjunkt

Norska



Tiril Teresa Myklebost  
lektor

Danska



Þórhildur Oddsdóttir  
aðjunkt

## Starfssvið og hlutverk

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknastofnun innan Hugvísinda- stofnunar Háskóla Íslands. Stofnunin er rannsóknaveitvangur kennara í deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, sem starfar innan Hugvísindasviðs. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál frá ýmsum sjónarhornum, en helstu rannsóknarsviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, máltaka, orðaforði, hljóðfræði
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða, t.d. enskar og þýskar bókmenntir, asískar og rómanskar bókmenntir og Norðurlandabókmenntir
- Menningarfræði í tengslum við ákveðin málsvæði og samanburð milli málsvæða í sögu og samtíð
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra í atvinnulífi
- Kennsla erlendra tungumála, m.a. þróun kennslugagna
- Þýðingar, m.a. bókmennta- og nytjaþýðingar

Tungumál eru lykill að menningu þjóða. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að auka skilning á því að fjölmennarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum fela í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum. Einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki sem nýta sér tungumálakunnáttu og menningarinnisæmi standa betur að vígi á alþjóðavettvangi en ella. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka tungumálakunnáttu á öllum sviðum þjóðlífsins og efla menningarmiðlun. Þannig stuðlar stofnunin að auknum og jákvæðum samskiptum við fólk af erlendu þjóðerni og aukinni menningarfærni einstaklinga og þjóðfélagsins í heild. Stofnunin leggur sérstaka áherslu á miðlun upplýsinga um nýjungar í kennslu tungumála á öllum menntastigum, enda er það markmið stofnunarinnar að styðja kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um tungumál, tungumálanám, samskipti á erlendum tungum og menningarfræði. Þetta hlutverk sitt rækir hún með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi auk útgáfu fræðiritra og kennsluefnis. Stofnunin tekur þátt í krefjandi verkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki og stofnanir, ásamt menningar- og rannsóknarsjóðum, veitt styrki til að hrinta sérstökum verkefnum í framkvæmd. Starfsmenn hafa einnig hlotið fjölda styrkja úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum til rannsókna sinna.

Í tengslum við SVF er starfræktur styrktarsjóður, sem hefur að markmiði að stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar. Sjóðurinn veitir styrki, fjárframlög og annan stuðning við verkefni af ýmsu tagi. Sjá nánari upplýsingar um Styrktarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum á <http://www.vigdis.hi.is/styrktarsjodur>

## Starfsemi stofnunarinnar

Helstu þættir í starfsemi stofnunarinnar eru rannsóknir fræðimanna og miðlun þeirra. Í þessu skyni stendur stofnunin fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestraröðum auk þess sem útgáfa fræðirita er ríkur þáttur í starfseminni. Stofnunin á í víðtæku samstarfi við fræðimenn og háskólastofnanir víðs vegar um heim, sem fjöldi fyrirlestra erlendra gestafyrirlesara er til vitnis um.

Stærsti viðburður ársins var alþjóðlega vísindaráðstefnan Varðveisla framtíðar: Sjálfbærni tungumáls, menningar og náttúru, sem efnt var til dagana 15.-17. apríl í tilefni af 80 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur. Auk þess stóð stofnunin, í samvinnu við rektor Háskóla Íslands, menntamálaráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Reykjavíkurborg og fjölmörg félaga- og áhugamannasamtök, fyrir hátíðardagskrá á afmælisdaginn. Skipuð var sérstök afmælisnefnd, sem hafði yfirumsjón með viðburðunum tveimur, en í henni áttu sæti: Anna Soffía Hauksdóttir, fulltrúi rektors, Einar Hreinsson, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Helgi Ágústsson fulltrúi utanríkisráðuneytisins, Regína Ásvaldsdóttir frá Reykjavíkurborg og Auður Hauksdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson og Oddný G. Sverrisdóttir frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Að venju var haldið upp á Evrópska tungumáladaginn í samvinnu við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og efnt til menningartengdra viðburða svo sem kvikmyndasýninga og bókmenntakynninga. Hér á eftir verður nánari grein gerð fyrir starfsemi stofnunarinnar á árinu 2010.



# Ráðstefnur

## **Varðveisla framtíðar: Sjálfbærni tungumáls, menningar og náttúru**

Dagana 15.-17. apríl stóð stofnunin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu undir yfirskriftinni Varðveisla framtíðar: Sjálfbærni tungumáls, menningar og náttúru, þar sem fjallað var um rannsóknir á bókmenntum, tungumálum, menningu og náttúru frá ýmsum sjónarhornum og rætt um mikilvægi þess að varðveita jákvæð viðhorf til menningarlegra verðmæta til gagns og gleði fyrir komandi kynslóðir. Rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfssdóttir, setti ráðstefnuna og kór Kársnesskóla söng undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

Aðalfyrirlesarar voru:

- Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og friðarverðlaunahafi Nóbels, sem flutti setningarfyrirlestur í Hátíðasal Háskólans.
- Bernard Comrie, forstöðumaður málvísindadeildar stofnunar Max Planck í Leipzig, Þýskalandi. Heiti fyrirlestrar: Typology of Numeral Systems.
- Claire Kramsch, prófessor við Berkeley-háskóla í Kaliforníu, Bandaríkjunum. Heiti fyrirlestrar: Ecological Perspectives on Intercultural Communication.
- Páll Skúlason, prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Heiti fyrirlestrar: In Wildness is the Preservation of the World.

Framkvæmdastjóri UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Irina Bokova hafði þekkt boð um að vera einn af aðalfyrirlesurum, en því miður hindraði gosið í Eyjafjallajökli komu hennar hingað til lands.



Auk aðalfyrirlesara var tveimur fræðimönnum sérstaklega boðið að halda fyrirlestur á ráðstefnunni, en þeir voru:

- Wolfgang Edelstein, professor emeritus, Max Planck Institute for Human Development, Berlín. Heiti fyrirlestrar: Education for a Sustainable Democracy: Reasons and strategies.
- Wang Keping, forstöðumaður Institute of Philosophy, Chinese Academy of Social Sciences. Heiti fyrirlestrar: An Anti-war Stance in Early Daoism.

Á ráðstefnunni voru haldnar 26 málstofur, þar sem fræðimenn hvaðanæva að úr heiminum fluttu erindi auk íslenskra fræðimanna. Alls voru um 130 þátttakendur í ráðstefnunni, en þess utan sótti fjöldi fólks einstakar málstofur og fyrirlestra.

Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel, þrátt fyrir að eldgosið í Eyjafjallajökli hindraði komu allmargra ráðstefnugesta og nokkurra fyrirlesara.

Ráðstefnunefnd vísindaráðstefnunnar skipuðu: Randi B. Brodersen, lektor í dönsku, Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í spænsku, Pétur Knútsson, dósent í ensku, Andrea Milde, lektor í þýsku, og Simona Storchi, lektor í ítölsku.

# Málþing

Að venju stóð stofnunin fyrir nokkrum málþingum á vor- og haustmisseri.

## Vormisseri:

Alþjóðlega námsstefnan Hvað er í gullakistunni, sem STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi efndi til, var haldin í Verzlunarskóla Íslands 18.-19. júní. Á námsstefnunni deildu tungumálakennarar reynslu sinni og fagmennsku. Vigdís Finnbogadóttir var verndari námsstefnunnar og flutti þar erindi og Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor var einn fyrirlesara.

## Haustmisseri:

**Evrópski tungumáladagurinn – Tungumál skapa tækifæri.** Í tilefni af Evrópska tungumáladeginum efni stofnunin til málþings hinn 28. september í samvinnu við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi. Yfirskrift málþingsins var Tungumál skapa tækifæri og fór það fram í húsnæði Endurmenntunarstofnunar Háskólans. Dagskráin hófst með ávarpi Vigdísar Finnbogadóttur, en að því loknu voru flutt þrjú framsöguerindi um framtíð tungumálakennslu í grunn- og framhaldsskólum. Frummælendur voru: Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður SVF. Að framsöguerindum loknum fóru fram pallborðsumræður með þátttöku Berglindar Magnúsdóttur, ráðgjafa menntamálaráðherra, Ragnheiðar Jónsdóttur, formanns STÍL, og frummælendanna tveggja, þeirra Auðar og Elnu.

Við þetta tækifæri afhenti Thor Vilhjálmsson Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra númerað eintak af bókinni *Tungumál ljúka upp heimum. Orð handa Vigdísí*, en Thor var einn 27 rithöfunda sem rituðu texta í bókina. Auk Thors las Sigurbjörg Prastardóttir texta sinn í bókinni til Vigdísar.





**Vefnámskeiðin Icelandic Online 3 og 4** og IOL fyrir innflytjendur, sem inniheldur námsefni fyrir þá sem vilja læra íslensku sem annað eða erlent mál, voru opnuð af Vigdísí Finnbogadóttur 7. september og af því tilefni var efnt til dagskrár í Norræna húsinu. Icelandic Online er afrakstur rannsókn- og þróunarvinnu sem farið hefur fram í Háskóla Íslands í samstarfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Hugvísindastofnunar. Verkefnisstjóri er Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í rannsóknum og kennslufræði erlendra tungumála.

**Máltækið [www.frasar.net](http://www.frasar.net)**, sem er ætlað að auðvelda tjáskipti á dönsku og íslensku, var formlega tekið í notkun 27. október og af því tilefni efndi Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, í samstarfi við Félag dönskukennara, til málþings í Norræna húsinu. Hjálpartækið byggist á samanburðarrannsókn Auðar Hauksdóttur á orðtökum í dönsku og íslensku og er hannað í samvinnu við Ola Knutsson, lektor við Stokkhólmsháskóla, Robert Östling, doktorsnema við sama skóla, og Peter Juel Henrichsen við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn. Guðrún Haraldsdóttir, BA í dönsku, hefur unnið við verkefnið undanfarin ár. Søren Haslund, sendiherra Danmerkur, opnaði máltækið og Pia Jarvad, fræðimaður hjá Dansk Sprognævn, hélt fyrirlestur um orðtök (idiomer) í dönsku. Að því loknu kynnti Auður Hauksdóttir máltækið og notagildi þess, m.a. við þýðingar og í dönskukennslu. Í nóvember, þegar Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru afhent, hlaut verkefnið [frasar.net](http://www.frasar.net) þriðju verðlaun.



**Málþing um Dante Alighieri** í tilefni af nýútkominni þýðingu á *Gleðileiknum guðdómlega* var haldið 23. október í samvinnu við ítalska sendiráðið í Osló. Málþingið fór fram í Þjóðmenningarhúsinu og voru fyrirlesarar Hjalti Snær Ægisson, Claudio Di Felice, Claudio Giunta og Halla Margrét Jóhannesdóttir. Málþingsstjóri var Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku.

**Málþing um Albert Camus** undir yfirskriftinni *Fjögur högg á dyr ógæfunnar* var haldið í Þjóðminjasafninu 10. desember. Þar fluttu erindi Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor, Torfi H. Tulinius prófessor, Irma Erlingsdóttir forstöðumaður og Björn Þorsteinsson heimspekingur.

**Rannsókn- og þróunarverkefni SVF kynnt á vísindavöku RANNÍS.** Vísindavaka RANNÍS fór fram í Listasafni Reykjavíkur 24. september og þar voru nokkur rannsókn- og þróunarverkefni fræðimanna SVF kynnt, auk þess sem fjallað var um alþjóðlegu tungumálamiðstöðina. Gestir fengu að kynna japönsku máli og menningu og Konfúsíusarstofnunin Norðurljós stóð fyrir kynningu á kínverskum fræðum. Þá veittu þýðingafraeðin innsýn í samtímatúlkun og fjallað var um Icelandic Online. Loks var samanburðarrannsókn Auðar Hauksdóttur á dönskum og íslenskum orðtökum kynnt.

# Fyrirlestrar

## Vormisseri:

**Juan Pablo Mora**, gestaprófessor frá Háskólanum í Sevilla, leiddi umræður um stöðu spænskrar tungu í Katalóníu á Spáni.

**Michael Byram**, prófessor emeritus við Háskólann í Durham. Heiti fyrirlestrar: *Talking to other people, is learning their language enough?*

**Dr. Leigh K. Mercher**, dósent í spænsku við Washington-háskóla í Seattle. Heiti fyrirlestrar: *All the World's Her Stage: Women and the Theater in the Modern Spanish Novel.*

**Gerd Hollenstein**, lektor við miðstöð austurrískra fræða við Háskólann í Skövde í Svíþjóð. Heiti fyrirlestrar: *Wien.*

**Ewald Reuter**, prófessor við Tampereháskóla í Finnlandi. Heiti fyrirlestrar: *Deutsch im Tourismus.*

**Gino Ruozi**, prófessor við Háskólann í Bologna. Heiti fyrirlestrar: *La letteratura del boom economico.*

**Sarah Moss**, lektor í ensku, og Sara Holloway, ritstjóri við útgáfufyrirtækið Granta á Englandi. Heiti fyrirlestrar: *The art of crafting a novel.*

**Isabel R. Rodríguez Ortiz**, lektor við Háskólann í Sevilla. Heiti fyrirlestrar: *La comprensión de la lengua de signos por parte de las personas sordas.*



## Haustmisseri:

**Dörte Andres**, prófessor í ráðstefnutúlkun við Johannes Gutenberg-háskólann í Mainz. Heiti fyrirlestrar: *Túlkun í evrópsku samhengi.*

**Isidora Rubio**, prófessor við Santiago de Compostela-háskóla á Spáni flutti fyrirlestur um spænskar kvikmyndir.

**Natsumi Onaka**, fræðimaður við Iwate University International Center í Japan, greindi frá alþjóðlegri dagskrá og verkefnum sem í boði eru fyrir erlenda stúdenta í Iwate-háskóla.

**Kjeld Erik Brødsgaard**, prófessor við Handelshøjskolen i København. Heiti fyrirlestrar: Innviðir kínverskra ríkisfyrirtækja. Fyrirlesturinn var haldinn í boði Konfúsíusarstofnunarinnar Norður-ljósa.

**Gunvor Kronman**, forstöðumaður sænsk-finnsku menningarmiðstöðvarinnar Hanaholmen, flutti fyrirlestur í boði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Norræna hússins um verkefnið Svenska nu.



# Útgáfa fræðirita


## **Milli mála, ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 2010**

Ársritið *Milli mála* kom út öðru sinni og var að þessu sinni helgað þýðingum. Í heftinu eru greinar eftir þrettán fræðimenn SVF í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, en auk þess er ein grein eftir Hafdís Ingvarsdóttur við Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskólans.

Sex greinanna fjalla á einn eða annan hátt um þýðingar. Höfundum var gefinn kostur á að skrifa á móður- eða kennslumáli sínu og í ritinu birtast greinar á íslensku, dönsku, ensku og frönsku.

Höfundar efnis eru Andrea Milde, Ásdís R. Magnúsdóttir, Ásta Ingibjartsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, François Heenen, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Hafdís Ingvarsdóttir, Irma Erlingsdóttir, Kaoru Umezawa, Kristín Guðrún Jónsdóttir, Pétur Knútsson, Randi Benedikte Brodersen, Stefano Rosatti og Þórhildur Oddsdóttir.

Ritstjórn bókarinnar var í höndum Erlu Erlendsdóttur og Rebekku Þráinsdóttur.



## **Tungumál ljúka upp heimum. Orð handa Vigdís**

Í tilefni tímamóta í lífi Vigdísar á árinu rituðu 27 þekktir íslenskir rithöfundar texta um mikilvægi tungumálakunnáttu og voru textarnir gefnir út í bókarformi. Bókin var færð Vigdís að gjöf við hátíðlega viðhöfn í Sigurjónssafni á Evrópska tungumáladaginn hinn 26. september. Við sama tækifæri var efnt til fréttamannafundar, þar sem rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfssdóttir, upplýsti um afrakstur fjáröflunarátaks fyrir alþjóðlegu tungumálamiðstöðina.

Með bókinni vilja rithöfundarnir leggja Vigdís lið í baráttu hennar fyrir því að alþjóðleg tungumálamiðstöð geti orðið að veruleika. Textarnir eru afar litríkir og áhugaverðir og varpa með ólíkum hætti ljósi á gildi tungumála fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild. Rithöfundarnir sem eiga texta í bókinni eru: Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Auður Ava Ólafsdóttir, Árni Bergmann, Bragi Ólafsson, Einar Már Guðmundsson, Eiríkur Guðmundsson, Eiríkur Örn Norðdahl, Friðrik Rafnsson, Gerður Kristný, Guðbergur Bergsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Hermann Stefánsson, Jón Kalman Stefánsson, Kristín Marja Baldursdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Matthías Johannessen, Njörður P. Njarðvík, Oddný Eir Aevardóttir, Pétur Gunnarsson, Rúnar Helgi Vignisson, Sigurbjörg Þrastardóttir, Sigurður Pálsson, Steinunn Sigurðardóttir, Sölvi Björn Sigurðsson, Thor Vilhjálmsson og Vigdís Grímsdóttir.



Ritstjórn var í höndum Auðar Hauksdóttur og prófarkalestur annaðist Uggi Jónsson. Allir gáfu vinnu sína og Prentsmiðjan Oddi gaf umbrot og prentun fimm tölusettra gjafaeintaka. Fyrsta tölusetta eintakið var afhent Vigdís Finnbogadóttur, en hin fengu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Háskóli Íslands, menntamálaráðherra og Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Bókin hefur nú verið prentuð í stærra upplagi og mun ágóði af sölu hennar renna til alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar.



## Heimasíða SVF

Unnið var að gerð nýrrar heimasíðu þar sem áhersla er lögð á að kynna rannsóknir starfsmanna stofnunarinnar. Þar er einnig sem fyrr greint frá nýjustu fréttum og öðru sem er á döfinni hjá stofnuninni. Vefsíðan [www.vigdís.hi.is](http://www.vigdís.hi.is) var tilbúin í lok árs 2010 en formlega opnuð í janúar 2011.



## Alþjóðleg tungumálamiðstöð

Eitt helsta verkefni stofnunarinnar á árinu var að kynna og leita eftir stuðningi við alþjóðlegu tungumálamiðstöðina. Með því gera þetta metnaðarfulla verkefni að veruleika er ætlunin að heiðra og halda áfram því brautryðjendastarfi sem Vigdís Finnbogadóttir hefur unnið á heimsvísu, bæði sem forseti Íslands og sem velgjörðarsendiherra tungumála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið hefur verið kynnt víða um heim og hlotið fádæma góðar viðtökur.

Eins og áður hefur komið fram var efnt til viðamikils kynningar- og fjáröflunarátaks á árinu til að hrinda þessu metnaðarfulla verkefni í framkvæmd, en liður í því er að reisa sérstaka tungumálabyggingu, sem hýsa mun alla starfsemi stofnunarinnar og er ætlað að stórefla starfsemi hennar. Húsið, sem verður 3000m<sup>2</sup>, mun rísa á lóð sem Háskólinn leggur til við Suðurgötu í næsta nágrenni gömlu Loftskeytastöðvarinnar.

Átakinu var hrundið af stað hinn 19. júní, daginn sem þess er minnst að konur fengu kosningarétt, og var þá efnt til fjölmiðlafundar á Háskólatorgi. Við það tækifæri kynnti Auður Hauksdóttir forstöðumaður verkefnið og Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands greindi frá stuðningi fjölmargra aðila við verkefnið. Jafnframt var tilkynnt um opnun heimasíðu þar sem öllum almenningi var gert kleift að koma að verkefninu, m.a. með því að hringja í styrktarnúmer. Kvinnakór Reykjavíkur söng undir stjórn Margrétar Pálmadóttur og hóf síðan átakið með táknrænum hætti - með því að hringja í styrktarnúmer Símans.



Árangurinn af áttakinu fór fram úr björtustu vonum. Á fjölmiðlafundi í Sigurjónssafni á Evrópska tungumáladaginn hinn 26. september upplýsti Kristín Ingólfssdóttir rektor um afrakstur átaksins og þakkaði víðtækan stuðning við verkefnið. Nokkrir fjármunir skiluðu sér á næstu mánuðum og þegar allt kom til alls námu styrkir á afmælisárinu hátt á fjórða hundrað milljónum króna. Í lok árs vantaði um 350 milljónir til að fullfjármagna bygginguna, en heildarkostnaður er áætlaður um 1200 milljónir króna.

Eins og áður hefur verið dregið á hafa íslensk stjórnvöld unnið að framgangi alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar með því að leita eftir því að hún hljóti vottun sem „Category II“ stofnun innan UNESCO – Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í lok ársins lágu fyrir drög að samningi sem lagður verður fyrir stjórnarnefnd UNESCO og að lokum tekinn fyrir á aðalráðstefnu UNESCO í lok október 2011. Á ensku mun alþjóðlega tungumálamiðstöðin bera heitið: **VIGDÍS INTERNATIONAL CENTRE FOR MULTILINGUALISM AND INTERCULTURAL UNDERSTANDING**.

Við undirbúning verkefnisins hefur stofnunin notið ráðgjafar fjögurra alþjóðlega viðurkenndra fræðimanna, þeirra Anju Saxena, prófessors við Uppsalaháskóla, Bernard Comrie, prófessors og forstöðumanns málvísindadeildar stofnunar Max Planck í Leipzig, Jens Allwood, prófessors við Gautaborgarháskóla, og Peter Austin, prófessors við SOAS, University of London. Haldnir hafa verið fundir með ráðgjafanefndinni einu sinni til tvisvar á ári og fór einn slíkur fram í tengslum við vísindaráðstefnuna í apríl. Vegna eldgossins í Eyjafjallajökli komust einungis Anju Saxena og Bernard Comrie til landsins. Stofnunin hefur um nokkurra ára skeið notið einstaks liðsinnis rannsókn- og menningarsjóðs sænska seðlabankans, Riksbankens Jubileumsfond, og hafa styrkir frá honum staðið straum af kostnaði við fundi með ráðgjafanefndinni.

## Aðrir viðburðir

### ***Þú siglir alltaf til sama lands – afmælis dagskrá í Háskólabíói***

Í tilefni af afmæli Vigdísar hinn 15. apríl stóðu Háskóli Íslands, ríkisstjórnin og Reykjavíkurborg, ásamt fjölda félagasamtaka sem tengjast starfsvettvangi og hugðarefnum Vigdísar, fyrir hátíðardagskrá í Háskólabíói. Dagskráin bar heitið Þú siglir alltaf til sama lands, sem er upphaf kvæðis eftir Þorstein Gylfason. Dagskráin var haldin fyrir fullu húsi auk þess sem henni var sjónvarpað og útvarpað beint í Ríkisútvarpinu. Ávarp fluttu Kristín Ingólfssdóttir rektor, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri. Pétur Gunnarsson, formaður Rithöfundasambandsins og fyrrverandi nemandi Vigdísar, flutti hugleiðingu. Í lok dagskrár ávarpaði Vigdís samkomuna.

Fjöldi listamanna kom fram á hátíðinni. Kór Flensborgarskóla og Stúlknakór Reykjavíkur sungu undir stjórn Hrafnhildar Blomsterberg og Margrétar Pálmadóttur. Nokkrir félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands léku Heiðursgjall eftir Pál P. Pálsson, sem samið var í tilefni af innsetningu Vigdísar í embætti forseta Íslands. Flytjendur voru Árni Áskelsson, Bjarni Guðmundsson, Einar St. Jónsson, Eiríkur Örn Pálsson, Emil Friðfinnsson, Frank Aarnink, Guðmundur Hafsteinsson, Jessica Wiklund, Lilja Valdimarsdóttir, Oddur Björnsson, Sigurður Þorbergsson, Steef van Oosterhout, Stefán Jón Bernharðsson og Þorkell Jólsson. Umsjón hafði Ásgeir H. Steingrímsson. Einnig fluttu þau Bjarni Guðmundsson, Einar St. Jónsson, Emil Friðfinnsson, Guðmundur Hafsteinsson, Lilja Valdimarsdóttir, Sigurður Þorbergsson, Stefán Jón Bernharðsson og Þorkell Jólsson lagið Hjá lygnri móðu eftir Jón Ásgeirsson samið við ljóð Halldórs Laxness. Kristinn Sigmundsson söng Draumalandið eftir Sigfús Einarsson og Guðmund Magnússon og Sjá dagar koma eftir Sigurð Þórarinsson og Davíð Stefánsson við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Jón Ólafsson og Róbert Þórhallsson fluttu franska sönglagið Immense et rouge, ljóð eftir Jacques Prévert, lag eftir Karl Olgeirsson. Hljómsveitin Baggalútur, skipuð Braga Valdimar Skúlasyni, Eyþóri Gunnarssyni, Guðmundi Kristni Jónssyni, Guðmundi Pálssyni, Karli Sigurðssyni, Sigurði Guðmundssyni og Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni, frumflutti lag sitt og ljóð Gjöf tileinkað Vigdís. Síðan kom syrpa af lögum úr Saumastofunni flutt af höfundu verksins Kjartani Ragnarssyni og nokkrum leikurum Leikfélags Reykjavíkur, þeim Ásdísi

Skúladóttur, Guðrúna Ásmundsdóttur, Hrönn Steingrímsdóttur, Karli Guðmundssyni, Margréti Helgu Jóhannsdóttur, Ragnheiði Steindórsdóttur og Soffíu Jakobsdóttur, sem tóku þátt í upprunalegri uppfærslu verksins árið 1975. Leikstjórn var í höndum Sigrúnar Eddu Björnsdóttur, en undirleik önnuðust Jón Ólafsson og Róbert Þórhallsson. Hrafnhildur Hagalín og Hjalti Rögnvaldsson fluttu ljóð um land, mold og gróður og Döff-ljóðahópurinn flutti frumsamið Fánaljóð á táknumáli. Sýnt var myndband frá Barnaheillum og nemendum í 10. bekk Austurbæjarskóla og Ari Eldjárn flutti gamanmál um tungumál. Konur frá Félagi kvenna af erlendum uppruna fluttu hamingjuóskir til Vigdísar á móðurmáli sínu og færðu henni „talandi steina“, sem þær óskuðu eftir að yrði fundinn viðeigandi staður í alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni. Leikrænn stjórnandi hátíðarinnar var Kolbrún Halldórsdóttir.



Við þetta tækifæri afhenti sendikvinna Færeyinga á Íslandi, Gunvør Balle, tilkynningu um myndarlegan styrk frá færeyska Lögþinginu og færeyskum fyrirtækjum, en honum skal varið í þágu alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Kristín Ingólfssdóttir rektor veitti tilkynningunni viðtöku.

Allir þeir sem fram komu á afmælisdagskránni gáfu framlag sitt, auk þess sem fjölmargir aðilar lögðu verkefninu lið með beinum eða óbeinum hætti.

Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd afmælishátíðarinnar hafði Svanhvít Aðalsteinsdóttir.

### ***Vigdís Finnbogadóttir sæmd heiðursdoktorsnafnbót fyrir framlag til tungumála***

Hinn 15. apríl var Vigdís Finnbogadóttir sæmd heiðursdoktorsnafnbót hjá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir framlag sitt til tungumála. Athöfninni stýrði Ásdís R. Magnúsdóttir deildarforseti, en auk þess tóku til máls Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Páll Skúlason, fyrrverandi rektor, Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs,



Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Kór Kársnesskóla söng undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Í lok dagskrár ávarpaði Vigdís Finnbogadóttir samkomuna. Athöfnin fór fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands og var afar fjölsótt.

### **Við völdum Vigdísar – Sögulegs forsetakjörs minnst**

Í tilefni af því að 30 ár voru liðin frá sögulegu forsetakjöri Vigdísar Finnbogadóttur hinn 29. júní efndu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskóli Íslands til hátíðardagskrár í Öskju undir yfirskriftinni Við völdum Vigdísar. Viðburðurinn var fjölsóttur. Á fundinum fjallaði Laura Liswood, framkvæmdastjóri Council of Women World Leaders ([www.cwwl.org](http://www.cwwl.org)), um sögulegt kjör Vigdísar og þýðingu þess fyrir baráttu kvenna víðs vegar um heim. Erindi Lauru Liswood bar heitið The Power of the Mirror. Fundarstjóri var Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands.



## Kvikmyndasýningar

Reglulega voru haldnar kvikmyndasýningar á vegum tungumálagreina Háskólans fyrir nemendur jafnt sem almenning. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýndi fjölmargar kínverskar kvikmyndir og einnig voru sýndar kvikmyndir fyrir áhugafólk um rússnesku. Á vormisseri var argentínsk-spænsk þáttaröð sýnd á hverjum fimmtudegi og auk þess voru sýndar kvikmyndir frá Rómönsku Ameríku og efnt til mexíkóskra kvikmyndadaga. Á haustmisserinu voru spænskar myndir sýndar á vegum kvikmyndaklúbbsins Cine Club Hispano.

## Styrkir til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Stofnunin fær árlegt framlag frá Háskóla Íslands en auk þess hafa fyrirtæki, stofnanir og rannsóknar- og menningarsjóðir lagt henni ómetanlegt lið. Á árinu 2010 munar mest um afrakstur fjáröflunarátaks fyrir alþjóðlegu tungumálamiðstöðina, sem skilaði um 350 milljónum króna.

Til reksturs stofnuninni styrkti Promens hf hana með 1,5 milljóna króna framlagi þriðja árið í röð. Einnig styrkti Prentsmiðjan Oddi stofnunina með 1 milljónar króna framlagi, en Oddi og áður Prentsmiðjan Gutenberg hafa um langt árabil verið mikilvægur bakhjarl hennar. Á árinu hlaut stofnunin einnig rekstrarstyrk frá Menningarsjóði VISA að upphæð 2 milljónir króna.

Auk styrkja til reksturs stofnunarinnar sjálfar og verkefna á hennar vegum hafa fræðimenn stofnunarinnar hlotið umtalsverða styrki til verkefna sinna úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum.

## Styrktarsjóður SVF

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur var stofnaður árið 2003 og er tilgangur hans að renna styrkum stoðum undir starfsemi SVF og stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar. Sjóðurinn veitir styrki, fjárframlög og annan stuðning við verkefni af ýmsu tagi.

Aðalfundur Styrktarsjóðsins var haldinn 2. júní 2010 og þá urðu nokkrar breytingar á stjórn sjóðsins. Úr stjórn gengu þau Helga Thors, Hörður Sigurðsson, Kristín Ingólfssdóttir, Matthías Johannessen og Ólafur B. Thors. Nýir stjórnarmenn, sem tóku sæti í stjórn, eru Ásmundur Stefánsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Salvör Jónsdóttir, Sigurður Helgason og Vésteinn Ólason.

Stjórnina skipa í lok ársins 2010 Vigdís Finnbogadóttir formaður, Ásmundur Stefánsson, Guðrún Lárusdóttir, Hrönn Greipssdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Salvör Jónsdóttir, Sigurður Helgason, Vésteinn Ólason og Þórður Sverrisson.

Stjórnin auglýsti í fyrsta sinn eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í desember, en úthlutun fór fram í ársbyrjun 2011.

## Vinir Vigdísarstofnunar

Hollvinasamtök til stuðnings alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni voru stofnuð 26. september á Evrópska tungumáladeginum. Stofnfundurinn fór fram í Sigurjónssafni í framhaldi af fyrirnefnum fjölmiðlafundi. Heiti samtakanna er Vinir Vigdísarstofnunar og fyrir þeim fara þær Ragnheiður Jónsdóttir, formaður STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi, og Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur. Samtökin hyggjast leggja á árarar með stofnuninni og Vigdísí við að hrinda í framkvæmd áformum um að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð.





## Starfsfólk

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 34 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd 13 erlend tungumál og stunda fræðimenn stofnunarinnar rannsóknir og kennslu í þeim tungumálum.



**Andrea Milde**, sendikennari/lektor í þýsku, starfaði við SVF frá árinu 2008 til loka ársins 2010.

Andrea lauk doktorsprófi frá Háskólann í Sheffield, Englandi, árið 2006. Hún kenndi áður þýsku við Háskólann í Sheffield og University College í Plymouth, Englandi, og Wenzao College of Languages í Kaohsiung, Taívan.

Rannsóknarsvið hennar er orðræðugreining og þá sérstaklega á listasviðinu, svo sem í útvarpsleikritum og öðrum uppfærslum þar sem hið talaða orð er í brennidepli. Hún hefur í þessu samhengi einkum rannsakað samskipti leikara og leikstjórnenda og skoðað hvernig skrifaður texti breytist í flutningi.



**Annika Große** er sendikennari/lektor í þýsku við Háskóla Íslands.

Hún lauk meistaragráðu frá Georg-August-háskólanum í Göttingen, Þýskalandi, árið 2004 í kennslufræðum, félags- og hagfræðilegri sálfræði og norrænum bókmenntum og tungumálum. Í lokaverkefni sínu bar hún saman ólíkan uppvöxt og menningarmun eins og hann birtist við samanburð á þýskri og sænskri kvikmynd.

Að loknu prófi hélt hún áfram rannsóknum á þýsku sem öðru tungumáli (við Goethe-Institut og Háskólann í Kassel) og kenndi jafnframt tungumál við háskólann. Auk þess vann hún að nokkrum verkefnum fyrir FaDaF sem eru samtök fólks sem kennir þýsku sem annað mál.

Annika hefur starfað við Háskóla Íslands síðan 2007 á vegum DAAD-skiptikennarasamtakanna og kennir þýsku og bókmenntir. Hún er einnig með menningartengd verkefni fyrir þýska sendiráðið og Goethe-Institut. Þessa stundina vinnur hún að tveimur verkefnum í samvinnu við Humboldt-háskólann í Berlín og Georg-August-háskólann í Göttingen.

Rannsóknarsvið hennar eru bókmenntir, og þá sérstaklega barnabókmenntir og bókmenntir innflytjenda, auk notkunar fjölmiðla í tungumálakennslu.



**Anna Jeeves** er doktorsnemi og aðjunkt í ensku við Háskóla Íslands. Rannsóknarsvið hennar er viðhorf ungra Íslendinga til gildis enskunnáms á framhaldsskólastigi á Íslandi. Hún lauk MA-prófi í kennslufræði frá Háskóla Íslands árið 2008, diplómnámi í kennslufræði frá Háskóla Íslands árið 1989 og BA-prófi í frönsku og ensku frá Háskólanum í Dublin, Trinity College, Írlandi, árið 1977.



**Auður Hauksdóttir** er dósent í dönsku og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Auður lauk Ph.D.-gráðu í dönsku máli frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand. mag.-gráðu í dönsku frá sama skóla árið 1987 og BA-gráðu í dönsku og heimsspeki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknarsvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.

Auður vinnur nú að ritun bókar um rannsókn sína á dönskukunnáttu íslenskra námsmanna í framhaldsnámi í Danmörku. Einnig vinnur hún að samanburðarrannsókn á föstum orðatiltækjum í dönsku og íslensku, en afrakstur hennar hefur m.a. nýst til að hanna máltækið [www.frasar.net](http://www.frasar.net), sem er ætlað að auðvelda Íslendingum að tjá sig á dönsku. Verkefnið hefur m.a. verið styrkt af Nordplus Sprog og Augustinusfonden. Þá

leiðir Auður, ásamt Guðmundi Jónssyni sagnfræðiprófessor og Erik Skyum-Nielsen við Kaupmannahafnarháskóla, rannsóknina Á mótum danskrar og íslenskrar menningar: Danir á Íslandi 1900–1970. Verkefnið hefur hlotið þriggja ára styrk frá RANNÍS.



**Ásdís R. Magnúsdóttir** er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble 3) í Grenoble, Frakklandi, árið 1997. Hún lauk DEA frá sama skóla árið 1993, maîtrise árið 1992 og Licence-gráðu 1991.

Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franskra bókmennta: miðaldabókmenntir, miðaldaskáldsagan, riddarasögur, þýðingar og smásögur.

Ásdís vinnur að þýðingu á fjórum íslenskum riddarasögum á frönsku (Ála flekks sögu, Samsons sögu fagra, Sögu af Tristram og Ísodd, Vilmundar sögu viðutan) í samvinnu við Héléne Tétrel sem starfar við Université de Bretagne Occidentale, Frakklandi. Hún undirbýr einnig þýðingu á Lancelot ou le Chevalier de la charrette (Lancelot eða Kerruriddaranum) eftir Chrétien de Troyes og útgáfu smásagnasafns með verkum eftir ýmsa franska kvenrithöfunda (Marie de France, Marguerite de Navarre, Madame de La Fayette, George Sand, Colette, Marguerite Yourcenar, o.fl.). Ásdís hefur nýlokið þýðingu á frönsku riddarasögunni Perceval ou Le Conte du graal (Perceval eða Sagan um gralinn) eftir Chrétien de Troyes úr fornfrönsku.

Hún er þátttakandi í verkefninu „Histoires des Breagnes: La ‘matière de Bretagne’ – racines, sources et représentations“ og vinnur m.a. að rannsóknum á miðaldabýðingum og útbreiðslu „efnivíðarins frá Bretagne“.



**Ásta Ingibjartsdóttir** er aðjunkt í frönskum fræðum við Háskóla Íslands.

Ásta lauk meistaraþrófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlends máls. Ritgerðin fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar.

Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.



**Birna Arnbjörnsdóttir** er prófessor í annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands.

Birna lauk Ph.D.-gráðu í almennum málvísindum frá Texasháskóla í Austin, Bandaríkjunum, árið 1990, MA-gráðu frá Háskólanum í Reading, Englandi, árið 1977 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri Icelandic Online frá upphafi og stýrt þróun The English Game. Hún stýrir þriggja ára rannsóknarverkefni um stöðu ensku á Íslandi. Verkefnið er þverfaglegt samvinnuverkefni fræðimanna af Hugvísindasviði og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið er styrkt af RANNÍS og Rannsóknasjóði Háskólans. Birna hefur flutt fjölda fyrirlestra um rannsóknir sínar á vísindaráðastefnum, t.d. EUROSLA, EUROCALL, WORLDCALL, AAAL, ELF, NORAND o.fl. Þá hefur hún gefið út bækur og greinar hér heima og erlendis og stýrt og verið þátttakandi í norrænum og evrópskum rannsóknarnetum.

Birna vinnur núna að rannsókn á notkun ensku í háskólastarfi og áhrifum á tileinkun námsefnis og notkun íslensku. Þá vinnur hún að rannsókn á magni enskuílags í íslensku málumhverfi.



**Erla Erlendsdóttir** er dósent í spænsku við Háskóla Íslands.

Doktorspróf í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona, Spáni, árið 2003. MA-gráða frá sama háskóla 1999, Magister Artium frá Georg-August-háskólanum í Göttingen, Þýskalandi, 1988. Nám í portúgölskum og brasilískum fræðum (Lusitanistik) við Ludwig-Maximilians-háskólann í München (Zwischenprüfung 1993),

Zwischenprüfung frá Georg-August-háskólanum í Göttingen árið 1986.

Helstu rannsóknasvið eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókafræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, kronikur og skrif um landafundina.

Um þessar mundir vinnur Erla að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Einnig er í bígerð bók sem hefur að geyma smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (Raddir frá Spáni), sem og fræðileg útgáfa á íslenskum þýðingum á spænskum kronikum og þáttum frá 17., 18. og 19. öld.



**Eyjólfur Már Sigurðsson** er forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.

Eyjólfur lauk MA-prófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III), Frakklandi, árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.



**François Heenen** er aðjunkt í frönsku við Háskóla Íslands.

François lauk Ph.D.-gráðu í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín, Austurríki, árið 2002 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989.

Rannsóknasvið hans er samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði.

